

## 1961 nr. 50 29. mars

### Lög um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum

Tóku gildi 2. maí 1961. Breytt með: L. 31/1966 (tóku gildi 14. maí 1966). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

□ Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 rúmlestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

□ Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 100–800 rúmlestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

#### ■ 2. gr.

□ Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

□ Til þess að öðlast réttindi sem [matsveinn]<sup>1)</sup> samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;

b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem [aðstoðarmatsveinn]<sup>1)</sup> á skipum;

c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem [matsveinn]<sup>1)</sup> á fiskiskipum samkvæmt 1. gr. í 18 mánuði.

<sup>1)</sup> L. 31/1966, 1. gr.

#### ■ 3. gr.

□ Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

#### ■ 4. gr.

□ Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlast meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðist brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

#### ■ 5. gr.

□ [Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn, matsveinar eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistöku eitt ár eða lengur á skipum yfir 50 rúmlestir. Til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafist viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 31/1966, 2. gr.

#### ■ 6. gr.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 31. gr.